



Umræðuskjal

Nr. 2/2019

Drög að reglum um skráningu
gjaldreyrisskiptastöðva og
þjónustuveitenda sýndarfjár og
stafrænna veskja.

Gefið út á grundvelli 2. mrg. 8. gr. laga
nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

15. apríl 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en mánudaginn 29. apríl nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga að reglum þessum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flípann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

REGLUR

um skráningu gjaldeyrisskiptastöðva og þjónustuveitenda sýndarfjár og stafrænna veskja.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:

1. Gjaldyrisskiptastöðvar, sbr. 8. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
2. Þjónustuveitendur stafrænna veskja, sbr. 20. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018.
3. Þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla.

II. KAFLI

Skráning.

2. gr.

Skráningarskyldir aðilar.

Einstaklingar og lögaðilar sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja eru skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018.

Undanþegin skráningarskyldu eru fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018.

3. gr.

Umsókn um skráningu.

Umsókn um skráningu skal vera skrifleg.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn því til staðfestingar að skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila og raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila uppfylli skilyrði skráningar:

1. Sakavottorð sem kveður á um að skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila og raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila hafi ekki hlotið dóm fyrir

refsiverðan verknað. Séu skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins fer Fjármálaeftirlitið fram á sambærilegt sakavottorð samkvæmt lögum og reglum þess ríkis.

2. Staðfesting héraðsdóms í umdæmi skráningarskylds aðila, stjórnenda skráningarskylds aðila og raunverulegra eigenda skráningarskylds aðila, þess efnis að viðkomandi hafi undanfarin fimm ár ekki verið úrskurðaður gjaldþrota. Séu skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins fer Fjármálaeftirlitið fram á forræðisvottorð samkvæmt lögum og reglum þess ríkis.

Auk þess skulu fylgja umsókn um skráningu eftirtalin gögn:

1. Spurningalisti Fjármálaeftirlitsins um hæfi stjórnenda og raunverulegra eigenda skráningarskylds aðila.
2. Upplýsingar um stofnendur, raunverulega eigendur og hlut hvers og eins, stjórnarmenn, aðalmenn og varamenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur ef það á við.
3. Upplýsingar um starfsstöðvar skráningarskylds aðila, m.a. upplýsingar um heimilisföng, símanúmer og netföng.
4. Stutt lýsing á starfsemi skráningarskylds aðila, tilgangi hennar, hliðarstarfsemi, fjölda starfsmanna og skipurit fyrir starfseminna.
5. Upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. lögum nr. 140/2018, sérstaklega varðandi áhættumat, könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavinum, innri starfshætti, þjálfun starfsmanna, ábyrgðarmann og rannsóknar- og tilkynningarskyldu.
6. Ef skráningarskyldur aðili er frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er óskað staðfestingar frá þeim aðila sem hefur eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá viðkomandi aðila. Í staðfestingunni skal koma fram að aðilinn sé undir eftirliti, hvernig því sé háttað og hvort hann uppfylli þær kröfur sem eftirlitsaðili gerir til starfseminnar.
7. Aðrar upplýsingar sem skráningarskyldur aðili telur nauðsynlegt að komi fram um viðkomandi starfsemi og í tengslum við ósk um skráningu.

Fjármálaeftirlitið áskilur sér rétt til að óska frekari gagna telji eftirlitið ástæðu til.

4. gr.

Skrá Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir gjaldeyrisskiptastöðvar, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja.

Skrá Fjármálaeftirlitsins skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi eftir því sem við getur átt:

1. Heiti starfseminnar, heimilisfang, kennitölu og félagsform.
2. Tegund starfseminnar, starfssvið, tilgang og hliðarstarfsemi hennar.
3. Starfsstöðvar skráningarskylds aðila.

4. Stjórn og framkvæmdastjóra starfseminnar.
5. Upplýsingar um raunverulega eigendur og eignarhlut þeirra í hinum skráningarskylda aðila.
6. Dagsetning skráningar.
7. Dagsetning afskráningar.

Tilkynna ber Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um breytingar á áður tilkynntum upplýsingum, þar á meðal breytingar á upplýsingum um skráningarskyldan aðila, stjórnendur hans, raunverulega eigendur og eignarhlut þeirra og fjölda starfsstöðva. Uppfylli skráningarskyldur aðili ekki lengur skilyrði fyrir skráningu skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu þegar í stað.

Telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingar í skránni séu rangar, getur það krafist frekari skýringa frá skráningarskyldum aðila, staðreynt upplýsingarnar og aflað nýrra upplýsinga.

5. gr.

Tilkynning Fjármálaeftirlitsins um skráningu.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um skráningu skal tilkynnt skráningarskyldum aðila skriflega svo fljótt sem unnt er, en eigi síðar en þremur mánuðum, eftir að fullbúin umsókn um skráningu barst stofnuninni.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu um skráningu í Lögbirtingablaði.

6. gr.

Synjun um skráningu.

Fullnægi umsókn um skráningu ekki skilyrðum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og reglum þessum skal Fjármálaeftirlitið synja um skráningu.

Synjun um skráningu skal vera skrifleg og tilkynnt skráningarskyldum aðila svo fljótt sem unnt er, en eigi síðar en þremur mánuðum, eftir að fullbúin umsókn um skráningu barst Fjármálaeftirlitinu.

7. gr.

Afskráning.

Uppfylli skráningarskyldur aðili ekki lengur skilyrði skráningar skal Fjármálaeftirlitið fella aðila af skrá.

Fjármálaeftirlitið getur einnig felld skráningarskyldan aðila af skrá brjóti hann gegn ákvæðum laga nr. 140/2018 og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim.

III. KAFLI

Starfsemi gjaldeyrisskiptastöðvar, þjónustuveitenda sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitenda stafrænna veskja.

8. gr.

Starfsemi gjaldeyrisskiptastöðvar.

Fjármunir sem fara um gjaldeyrisskiptastöð skulu varðveittir á öruggan hátt.

Ef skráningarskyld gjaldeyrisskiptastöð er hliðarstarfsemi frá almennri starfsemi viðkomandi aðila skal starfsemi gjaldeyrisskiptastöðvar vera sérstaklega afmörkuð á starfsstöð og fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi skráningarskylds aðila.

Gjaldeyrisskiptastöð skal gera upplýsingar um gengi og kostnað af þjónustunni aðgengilegar fyrir viðskiptamenn. Við gjaldeyrisskiptin skulu gefnar út kaup- og sölunótur til viðskiptamanna.

Gjaldeyrisskiptastöðvar skulu halda skrá yfir gjaldeyrisviðskipti og hafa hana aðgengilega fyrir Fjármálaeftirlitið.

9. gr.

Starfsemi þjónustuveitenda sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla.

Þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla skulu meðhöndla með tryggum hætti þá fjármuni og það sýndarfé sem þeir taka við frá viðskiptamönnum sínum.

Þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla skulu gera upplýsingar um kostnað af þjónustunni aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Fjármunir og sýndarfé sem þjónustuveitendur taka við í viðskiptum milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla skal vera rekjanlegt. Upplýsingar um rekjanleika verður að varðveita og aðgengi Fjármálaeftirlitsins að upplýsingunum verður að vera tryggt.

Þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla skulu viðhalda uppfærðum lista yfir viðskiptamenn sína og gera hann aðgengilegan Fjármálaeftirlitinu.

10. gr.

Starfsemi þjónustuveitenda stafrænna veskja.

Þjónustuveitendur stafrænna veskja skulu varðveita með öruggum hætti það sýndarfé sem þeir

taka við frá viðskiptamönnum sínum.

Þjónustuveitendur stafrænna veskja skulu gera upplýsingar um kostnað af þjónustunni aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Sýndarfé sem þjónustuveitendur stafrænna veskja taka við skal vera rekjanlegt. Upplýsingar um rekjanleika verður að varðveita og aðgengi Fjármálaeftirlitsins að upplýsingunum verður að vera tryggt.

Þjónustuveitendur stafrænna veskja skulu viðhalda uppfærðum lista yfir viðskiptamenn sína og gera hann aðgengilegan Fjármálaeftirlitinu.

IV. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

11. gr.

Eftirlit og upplýsingagjöf.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að aðilar sem falla undir reglur þessar fari að ákvæðum laga nr. 140/2018 og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim. Í því skyni skal Fjármálaeftirlitið hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum.

Um eftirlitið fer samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þeim sérlögum sem um starfsemi skráningarskyldra aðila gilda og lögum nr. 140/2018.

12. gr.

Viðurlög.

Ef skráningarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 140/2018 brýtur gegn þeim lögum, reglugerðum eða reglum settum á grundvelli þeirra getur Fjármálaeftirlitið beitt viðurlögum og öðrum úrræðum sem lögini kveða á um.

V. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 4. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018 og taka gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 670/2018 um gjaldeyrisskiptastöðvar, peninga- og verðmætasetningarþjónustu, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla og þjónustuveitendur stafrænna veskja.